

Fagmennska kennara

Eyþór Bjarki Sigurbjörnsson

Talsverð umræða hefur átt sér stað um fagmennsku kennara í íslenska kennarasamfélaginu undanfarin ár. Fjöldi greina hafa verið ritaðar og birtar, málþing og námskeið¹ hafa verið haldin og rannsóknir hafa verið gerðar ásamt því að þróunarverkefni² er snýr að fagmennsku hefur verið unnið í einstaka skóla. Engu síður hef ég sem starfandi grunnskólakennari lítið gefið ofangreindu gaum sem þýðir að ég hef sjaldan leitt hugann að því hvað felist í hugtakinu fagmennska eða hvort ég sé fagmaður. En batnandi manni er best að lifa. Umræðan hefur náð eyrum mínum og löngun til að vita meira hefur vaknað.

Eftirfarandi samantekt er ætlað að ná utan um hugtakið fagmennska, það er að útskýra hvað felst í fagmennsku kennara. Ekki verður grein fyrir hvort umræðan um fagmennsku kennara eigi rétt á sér eða hvort kennarar séu fagmenn. Sú umfjöllun býður seinni tíma enda efni í aðra samantekt þar sem bæði er umdeilt hvort kennarar geti flokkað sig sem fagmenn og að fagstéttir hafi sjálfdæmi um eigin fagmennsku (Nanna Kristín Christiansen, 2010, 55-56).

Lesnar voru þrjár greinar og unnið út frá þeim. Þær greinar voru *Markmið kennaranáms: starfshæfni og fagmennska* eftir Ragnhildi Bjarnadóttur, *Fagmennska kennara* eftir Trausta Þorsteinsson og *Í eilífri leit: virðing og fagmennska kennara* eftir Sigrúnu Aðalbjarnadóttur.

Við lestur ofangreindra greina kom í ljós að skilgreining á hugtakinu fagmennska er nokkuð á reiki, það er ekki er um eina algilda skilgreiningu að ræða. Engu síður má greina þrjá þæði sem saman mynda stærri þráð sem kalla má fagmennska kennara. Þeir þæðir felast í hugtökunum starfshæfni, ígrundun og siðferðileg skuldbinding.

Starfshæfni

Starfshæfni kennarans³ snýr að sérþekkingu, verksviti, færni og þeim eiginleikum sem kennarinn er fær um að beita í starfi á markvissan og viðurkenndan hátt miðað við aðstæður, félagslegt samhengi og fagleg viðmið. Ofangreint snýr að þeirri faglegu þekkingu og reynslu sem

¹ Samanber námskeiðið *Fagmennska kennara og skólaþróun* sem kennt var á vormisseri 2006 á Kennsluréttindabraut Kennaraháskóla Íslands.

² Sem dæmi um þróunarverkefni má nefna *Fagmennska kennara: þróunarverkefni í Árskóla* (skólaárið 2009-2010).

³ Gegnum tíðina hafa fjölmörg hugtök verið notuð er snúa að starfshæfni, nægir að nefna hugtökin hæfni, fagvitund, uppeldissýn, starfskenning eða sannfæring.

kennarinn öðlast í sérnámi og um leið persónulegum gildum og viðhorfum sem hafa mótask á uppvaxtar- og fullorðinsárum (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2008, 96-97).

En ekki er nóg að kennarar öðlist fræðilega og hagnýta þekkingu og tileinki sér mannúðleg viðhorf. Þeir þurfa að læra að beita þekkingunni og viðhorfum í starfi, ekki einungis í sýnilegum athöfnum heldur einnig í hugsunum um nám og kennslu. Með þeim hætti verður kennslan byggð á rökréttum athöfnum. Ofangreint er mikilvægt, sérstaklega þar sem kennarar eru oft persónulega ábyrgir fyrir athöfnum sínum og ákvörðunum.

Mikilvægt er að kennarinn sé meðvitaður um eigin starfshæfni, það er athafnir, þekkingu og gildismat. Þá fyrst getur kennarinn tekist á við sjálfan sig, gagnrýnt, rætt við aðra fagmenn og þróast í starfi. Fagmaðurinn er þar af leiðandi leitandi. Hann hefur frelsi til að taka ákvarðanir á grundvelli sérþekkingar sinnar og um leið að þróa með sér hugmyndir sem liggja að baki athöfnum hans í starfi (einnig nefnt starfskenning), til dæmis með endurmenntun, rannsóknnum eða samræðum.

Ígrundun

Hugtakið fagmennska er nátengt hugtakinu sjálfsvirðing. Í hugtakinu virðing endurspeglar margt. Sem dæmi má nefna hæfileikann til að nálgast aðra sem jafningja, að geta sett sig í spor annarra þannig að kennarinn skilur þann sem hann á í samskiptum við, að geta tekið tillit til ólíkra sjónarmiða og hafa tök á á leysa ágreiningsmál á farsælan hátt. Í virðingu felst því tillitsemi, traust, samlíðan og skilningur á mannlegu eðli og háttum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2002).

Ef kennarar bera virðingu fyrir starfi sínu, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum þá er það fagmennska. Sjálfsvirðing tengist þeirri hugmyndafræðilegu sýn sem þeir hafa á starf sitt, þeim markmiðum sem þeir setja sér, því hvernig þeir hyggjast ná þeim markmiðum og hvernig þeir vinna með nemendum og foreldrum. En ekki er hægt að ætlast til að kennarar öðlist sjálfsvirðingu nema þeir séu studdir til þess. Það er best gert með því að kennarar fái tækifæri og stuðning skólstjórnenda til ígrundunar. Hugtakið ígrundun snýr að því að viðkomandi kennari leitast stöðugt við að skoða sjálfan sig, endurmeta og gagnrýna það sem fram fer í kennslunni.

Markmiðið er kennarinn þroskist sem einstaklingur og þrói starfshæfni. Fagmennska felst því í sjálfsvirðingu og ígrundun þar sem kennarinn fær tækifæri til að vera rannsakandi á eigin starfi og á sjálfum sér. Hann á að safna gögnum um kennsluna, greina þau og meta og endurmeta sjálfan sig og sitt starf (Sigrún Aðalbjarnadóttir, 2002).

Siðferðileg skuldbinding

Mikilvægt er að kennarar séu meðvitaðir um þau gildi sem leggja á rækt við, þeir eiga ennfremur að efla tilteknar dyggðir. Þær dyggðir byggja á þeim skyldum sem leiða af hlutverkinu sem kennslan þjónar, það er menntunar- og uppeldishlutverkið. Þessar skyldur má kalla frumskyldbindingu starfsins og segja til um tilgang starfsins og hlutverk þess í samfélaginu. Með öðrum orðum, fagmennska einkennist af hollustu við hugsjónina sem felst í því að starfið er stundað. Fagmaður vinnur sér ekki einungis til sjá sér og sínum farboða, heldur til að uppfylla skyldur sem starfið leggur á hann (Sigurjón Mýrdal, 2010).

Skilgreiningar á skyldum má finna víða. Þær er að finna í lögum og reglugerðum er varða nám, menntun og kennslu. En skoða verður siðfræði skipulags skólans til að kennarar séu meðvitaðir um hvaða gildi kennarar eiga að hafa í heiðri og vinna að. Kennarar verða að vera upplýstir um hvernig stjórnvöld og skólastjórnendur skilja hlutverk og markmið skólans. Fagmennska kennarar felst í að skilja og vera meðvitaður um námskrár, lög, skólanámskrár og annað þar sem gildi (og dyggðir) eru skilgreind. Ennfremur er mikilvægt að starfa eftir starfsbundnum siðareglum viðkomandi skóla en í því felst að skilgreint er innan hvers skóla hvað nemendum er fyrir bestu, foreldrunum og jafnvel samfélaginu ef því er að skipta.

Ofangreint er orðað með skýrum hætti í 1. og 2. grein siðareglna kennara. Þar segir: „Kennarar vinna að því að mennta nemendur og stuðla að alhliða þroska þeirra með fræðslu, uppeldi og þjálfun“ og „Kennurum ber að virða réttindi nemenda og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi, efla sjálfsmynd þeirra og sýna sérhverjum einstaklingi virðingu, áhuga og umhyggju (Siðareglur kennara, 2002).“

Siðferðilegri skuldbindingu fylgir aukin samvirkni kennara við skjólstæðinga sína og samstarfsmenn innan sömu stofnunar. Þetta hefur ákveðna breytingu í för með sér á sjálfstæði

fagmannsins, þar sem meiri áhersla er lögð á sameiginleg yfirráð fagmannanna yfir því sem stofnunin og fagstéttir, sem henni tilheyra, standa fyrir (Trausti Þorsteinsson, 2003, 189). Í því felst að fagmaðurinn lætur af yfirráðum sínum í samskiptum við skjólstæðing sinn sem óbrigðull fræðimaður. Kennarinn og nemandinn eiga sameiginleg markmið og hlutverk kennarans er að leita lausna fyrir nemandann.

Samantekt

Hugtakið fagmennska kennara er að mínu áliti nokkuð yfirgripsmikið. Ennfremur virðist skilningur á hugtakinu ekki vera sá sami eftir því hver skilgreinir það. Engu síður má álykta að það að vera fagmaður feli í sér eftirfarandi þætti: starfshæfni, ígrundun og siðferðilega skuldbindingu.

Ljóst er að leyfisbréfið eitt og sér gerir kennara ekki að fagmanni. Fagmaður verð ég ekki nema ég helgi mig starfinu á þann hátt að hvern dag vil ég gera betur en daginn áður. Fagmennska kennara er í einföldu máli ferill þroska.

Heimildaskrá

- Nanna Kristín Christiansen (2010). *Skóli og skólaforeldrar: ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Nanna Kristín Christiansen.
- Ragnhildur Bjarnadóttir (2008). „Markmið kennaranáms: starfshæfni og fagmennska.“ *Tímarit um menntarannsóknir*, 5. árgangur.
- Siðareglur kennara (2002). [Http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8143](http://www.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=8143).
- Sigrún Aðalbjarnardóttir (2002). „Í eilífri leit: virðing og fagmennska kennara.“ [Http://netla.khi.is/greinar/2002/005/03/index.htm](http://netla.khi.is/greinar/2002/005/03/index.htm). Skoðað 15. september 2010.
- Sigurjón Mýrdal (2010). „Fagmennska kennara - kjarni kennaramenntunar.“ [Http://vefir.hi.is/kennaramenntun/wp-content/uploads/2010/4/Fagmennska-kennarasmyrdal.pfg](http://vefir.hi.is/kennaramenntun/wp-content/uploads/2010/4/Fagmennska-kennarasmyrdal.pfg). Skoðað 15. september 2010.
- Trausti Þorsteinsson (2003). „Fagmennska kennara.“ *Fagmennska og forysta: þættir í skólastjórnun*. Ritstjórar: Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands..
- Fagmennska kennara* eftir Trausta Þorsteinsson og *Í eilífri leit – Virðing og fagmennska kennara* eftir Sigrúnu Aðalbjarnardóttur.